
Yfirgripsmikil sýning á ljósm. Gunnars heitins Hannessonar hefst í kvöld að Kjarvalsstöðum



-hs-Rvík. Í gærkvöldi var opnuð sýning á stækkuðum ljósmyndum eftir Gunnar heitinn Hannesson að Kjarvalsstöðum. Opnunin í kvöld er fyrir gesti, en frá og með morgundeginum verður sýningin opin almenningi, allt fram til 28. september n.k. Megnið af myndunum á sýningunni hafa aldrei birzt opinberlega áður, en alls eru á sýningunni 120 myndir. Myndirnar eru nær allar til sölu, en verð þeirra er 50 þúsund fyrir myndir, sem eru stækkaðar um 22 svar sinnum frá filmustærð, og 60 þúsund fyrir myndir, sem stækkaðar eru 30 sinnum.

Það eru afkomendur Gunnars Hannessonar, sem að þessari sýningu standa, en að sögn Gunnars sonar hans, eru það einkum þrír aðilar, sem gert hafa það kleift að koma þessari sýningu á fót, þeir Haraldur J. Hamar, Mats Wibe-Lund og Gísli B. Björnsson.Þessir menn hafa annazt val myndanna ásamt uppsetningu, eftir að „kópíurnar" komu stækkaðar frá Noregi. Myndirnar eru allar límdar upp á sérstakar álplötur, þannig að ekki er hætta á, að þær verpist, þó að ekki sé settur rammi utan á þær.

Auk ýmiss konar mótíva skiptast myndirnar einkum í myndir frá Reykjavík, af jöklum og hálendi og gosum ýmiss konar.

Gunnar Hannesson fæddist í Reykjavík 28.3.1915. Hann hlaut verzlunarmenntun en 15 ára réðist hann til Marteins Einarssonar við Laugaveg — þar sem hann starfaði 34 ár, eða til 1964. Þá setti hann á stofn eigið fyrirtæki í innflutningi, Technica, og rak það til dauðadags.

Frá unga aldri hafði Gunnar mikinn áhuga á að ferðast um landið og var hann víðförull og mikill náttúruskoðari. Það var þó ekki fyrr en árið 1964, er hann var 49 ára, að hann eignaðist fyrstu ljósmyndavélina. Var það Canonette. Fékk hann fljótt mikinn áhuga á að fást við ljósmyndun í tómstundum sínum — og þar eð hann gjörþekkti stóra hluta landsins og hélt áfram uppteknum hætti að ferðast, eignaðist hann brátt töluvert safn mynda frá stöðum, sem að jafnaði þykja áhugaverðir til ljósmyndunar. Lagði hann slíka rækt við þetta viðfangsefni, að hann hafði ljósmyndavél jafnan við hendina, hvort sem hann var utan bæjar eða innan. Gunnar hafði ekki tekið myndir í mörg ár þegar þær fóru að birtast á prenti og var leitað til hans í því skyni æ meira eftir því sem tímar liðu. Nokkrir útgefendur birtu myndir hans að staðaldri og má í því sambandi nefna ICELAND REVIEW — og almanök Eimskipafélags Íslands. Myndir hans birtust og í fjölmörgum erlendum ritum — og bókum.

Tvær bækur voru gefnar út með myndum Gunnars Hannessonar eingöngu. Reykjavíkurbók (1974) og Vatnajökulsbók (1975), báðar í útgáfu ICELAND REVIEW. Honum var boðin þátttaka í sýningunni Ljós '73 — og ennfremur sýndi hann litskyggnur í sérstökum sal að Kjarvalsstöðum í sambandi við sýninguna Ísland — Íslendingar á þjóðhátíðarárinu 1974. Þá var Gunnari boðið að sýna í sýningarsal Nikon House í New York á s.l. vetri, en þangað er einungis boðið þekktum og viðurkenndum ljósmyndurum frá ýmsum löndum. Nokkrar þeirra mynda, sem eru nú sýndar að Kjarvalsstöðum, voru á sýningunni í New York.

Gunnar Hannesson bjó alla ævi í Reykjavík og lézt þar 24.6. 1976.

Haraldur J. Hamar ritar eftirfarandi í sýningarskrá:

Fáir Íslendingar hafa sinnt ljósmyndun í öðrum tilgangi en að festa á filmu andlit og atburði líðandi stundar sjálfum sér og öðrum til ánægju og til að eiga eitthvað til minja. Hið almenna viðhorf til myndatöku úti í náttúrunni hefur verið „dokumentariskt" — eða eins og svo oft er sagt: „Svona lítur bærinn út af sjó.... Svona er fossinn þegar horft er af hólnum." — Gunnar Hannesson var hinsvegar í hópi hinna fáu sem höfðu annað viðhorf. Hann gaf sér jafnan nægan tíma og fann hvernig hægt var að nota ljósmyndavélina til að tjá eigin tilfinningu fyrir því sérkennilega, hrífandi eða hrikalega í um hverfinu — og ýta hinu til hliðar, sem honum fannst ekki skipta máli hverju sinni. Í byrjun handlék hann myndavélina á hinn hefðbundna hátt, elstu myndirnar bera þess merki. En hann bjó yfir næmu litaskyni og listrænum smekk, sem olli því að hann byrjaði að uppgvöta landið á ný gegnum margbreytilegar linsur myndvélarinnar — og hann hafði ánægju af að leyfa öðrum að njóta þessa með sér.

Af viðfangsefnum var það einkum tvennt, sem hann hafði mikla ánægju af að fást við: Annars vegar borgin hans, Reykjavík — hins vegar Vatnajökull og umhverfi. En hann fór víðar. Og þótt Gunnar hafi ekki sinnt ljósmyndun nema seinasta áratug ævinnar, náði hann undraverðum árangri — ekki aðeins hvað magn og yfirferð varðar, heldur líka árangur. Það er mat þeirra, sem hafa vit á, að fáir ef nokkrir hérlendir ljósmyndarar hafi komizt lengra í listrænni túlkun íslenzkrar náttúru í ljósmyndun — en Gunnari Hannessyni tókst í sínum beztu myndum — Fólk veitir einkum athygli hinni sérkennilegu birtu sem einkennir margar af beztu myndum hans — og dulmagnar oft andrúmsloftið svo að einstök kennileiti og misfellur í náttúrunni hverfa, víkja fyrir einhverjum yfirgnæfandi tóni eða stemmningu, sem fyllir allan myndflötinn. Á hinn bóginn finnum við líka hárskarpar, tærar og oft litaglaðar myndir — en alltaf einfaldar og sterkar. Það var og athyglisvert, að Gunnar kærði sig aldrei um að hafa ljósmyndavélina með sér þegar hann fór erlendis. Hann sá þar aldrei neitt, sem vakti áhuga eða löngun til að mynda. En um leið og hann var kominn heim var hann rokinn af stað með myndavélarnar, Ísland töfraði hann — og Gunnar vílaði ekki fyrir sér að ferðast alla nóttina, ef veðurlag var þannig að hann gæti átt von á heillandi morgunskímu áeinhverjum tilteknum stað í fjarlægum landshluta. Þessvegna liggur eftir hann meira úrval frábærra litmynda en til er annars staðar á Íslandi — er mér óhætt að segja. Það var því ekki auðvelt að velja úr safni hans liðið sýnishorn til að stækka og setja upp að Kjarvalsstöðum. Nokkrar myndanna hafði hann valið sjálfur fyrir andlát sitt á síðasta sumri, en fjölskylda hans og vinir luku svo því verki.

